

Húnaþing vestra  
Hvammstangabraut 5  
530 Hvammstangi

Garðabær, 12. janúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0021  
IAS/OKV

## Efni: Húnabyggð – Blöndustöð: Lýsing (nýtt deiliskipulag).

Vísað er í tölvubréf frá Húnabyggð í gegnum skipulagsgátt, dags. 14. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við nýtt deiliskipulag fyrir Blöndustöð.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að afmarka lóðir og byggingarreiti fyrir núverandi og ný mannvirki ásamt því að setja þau ákvæði og skilmála sem ástæða er til í deiliskipulagi fyrir Blöndustöð.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér gögnin og kemur með eftirfarandi ábendingar. Fram kemur í umhverfismati að áhrif á jarðmyndanir „verða einkum á framkvæmdatíma og felast í raski á jarðlögum þar sem grafið verður fyrir veituskurðum og stöðvarhúsum og eru þau varanleg og óafturkræf. Einnig verður varanlegt rask á jarðlögum í efnisnáðum, sjá kafla 4.8. Ekki verður raskað neinum sýnilegum jarðmyndunum sem myndu teljast sérstæðar eða hafa hátt verndargildi.“ Þessu til viðbótar verður varanlegt og óafturkræft rask á jökulminjum á yfirborði þar sem haugsetning er fyrirhuguð á áður óröskuðum svæðum, t.d. meðfram veituskurðinum frá Austara-Friðmundarvatni norður að Gilsárlóni.

Umhverfismatið frá 2014 byggir m.a. á úttekt Náttúrufræðistofnunar frá 2011 (Guðmundur Guðjónsson og Rannveig Thoroddsen 2012, <https://utgafa.ni.is/skyrslur/2012/NI-12007.pdf>).

Þar var ekki gerð úttekt á æðplöntum á rannsóknarsvæðinu. Samkvæmt skráningum í gagnagrunn stofnunarinnar vex línarfi, sem er sjaldgæf tegunda á valista og metin í nokkurri hættu (<https://www.ni.is/is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/caryophyllaceae/linarfi-stellaria-borealis>), í nágrenni framkvæmdasvæðisins en skráningarstaðirnir eru við Vestara-Friðmundarvatn og Eyjavatn rétt vestan veituleiðarinnar (sjá skjáskot hér fyrir neðan).

Skráningarnar eru frá árunum 1976 og 1977. Kjörlendi línarfa er deigt kjarrlendi en samkvæmt gróðurkortlagningu í skýrslu NÍ koma slík gróðurlendi fyrir innan úttektarsvæðisins, einkum í grennd við vötn á veituleiðinni.

Þar sem:

- línarfi, sem er sjaldgæf tegund, finnst í nágrenni framkvæmdasvæðisins,
- æðplöntuskráning fór ekki fram í úttektinni 2011 og
- að innan framkvæmdasvæðisins finnast ákjósanleg búsvæði fyrir tegundina,

þá telur Náttúrufræðistofnun að æskilegt sé að skrá æðplöntur í líklegum búsvæðum línarfa innan framkvæmdasvæðisins.





Skráðir fundarstaðir línarfa í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Samkvæmt umhverfismatsskýrslu munu um 138 ha af grónu landi raskast vegna framkvæmdanna, þar af um 8 ha af votlendi, og verður því gripið til ýmissa mótvægisáðgerða, m.a. er fyrirhugað að endurheimta 8 ha af röskuðu votlendi en ekki kemur fram hvar það verður gert.

Framkvæmdirnar eru innan mikilvæga fuglasvæðisins Víðidalstunguheiði-Blanda og B-hluta tillögunnar Grímstunguheiði-Blanda sem tilnefnt er vegna fugla. Ljóst er að framkvæmdirnar munu hafa einhver neikvæð áhrif á fugla og verða þau mest á framkvæmdatíma.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

